

september 1983. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er því aðeins gild að til komi samþykki iðnaðarráðuneytisins. Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur 24,5%, nema á húshitun, sem er undanþegin virðisaukaskatti.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. október 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 332, 5. júlí 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 9. október 1991.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

Nr. 477

1. október 1991

REGLUGERÐ

um flugvallagjald og eldsneytisgjald.

1. gr.

Flugvallagjald skal vera kr. 1.250,00 fyrir hvern farþega sem ferðast frá Íslandi til annarra landa.

Fyrir hvern farþega í innanlandsflugi og í flugi til Færeyja og Grænlands skal flugvallagjald vera kr. 165,00.

Fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára skal greiða hálf t gjald en fyrir yngri farþega skal ekkert gjald greiða.

2. gr.

Eldsneytisgjald skal vera kr. 1,60 af hverjum lítra flugbensíns og kr. 0,80 af hverjum lítra potueldsneytis.

3. gr.

Um innheimtu gjalda samkvæmt 1. og 2. gr., skil þeirra, viðurlög og aðra framkvæmd samkvæmt reglugerð þessari, gilda ákvæði laga nr. 31/1987 um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 15. gr. laga nr. 31/1987, sbr. einnig 5., 8. og 9. gr. sömu laga, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. nóvember 1991. Frá sama tíma fellur reglugerð nr. 426/1989 úr gildi.

Samgönguráðuneytið, 1. október 1991.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.